



16. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Miðvikudagur 27. maí 2026 kl. 17:00 – í fjarfundarformi

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugli Halldórsson (HH)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar verið send og birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir mál til upplýsinga.

3. Árshlutareikningur fyrsti ársfjórðungur

EH ásamt HSJ fóru yfir uppgjör fyrsta ársfjórðungs. Afreks-landsliðsstarfið fór töluvert yfir áætlun á gjaldahliðinni, það er flug og uppihald sem gerir þetta að verkum.

4. Gjaldskrá 2026/2027

Farið yfir tillögu að gjaldskrá, hún og rædd og samþykkt að gera lítilsháttar breytingar á tillögunni sem lá fyrir fundinum.

5. FIBA Europe þing á Íslandi 14.-16. maí sl.

Framkvæmd FIBA Europe þingsins gekk vel. Um 150 manns sóttu þingið og fulltrúar 47 landa mættu. Fyrir utan þingið sjálft, var stjórnarfundur FIBA Europe og vinnufundur framkvæmdastjóra aðildarlandanna. Formaður og framkvæmdastjóri FIBA Europe hrósuðu KKÍ fyrir framkvæmdina og gott skipulag. KA þakkaði starfsfólki okkar fyrir vinnu/undirbúning vegna þessa þings og ljóst að ekki hefði tekist svona vel til nema fyrir reynslu og þekkingu okkar fólks.

6. Reglugerðarbreytingar

Farið yfir hugmyndir á reglugerðarbreytingum. Reglugerð um aðgönguskírteini verður töluvert breytt þar sem aðgönguskírteini munu hér eftir eingöngu gilda á venjulega deildarleiki, ekki úrslitakeppni, bikarkeppni og landsleiki. Á reglugerð um félagaskipti þarf að gera smávægilegar breytingar þar sem félagaskipti munu verða rafræn. HSJ falið að klára þessar breytingar. Einnig var rætt um breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót varðandi bikarkeppni meistaraflokka.

7. Leyfiskerfi

Rætt um Leyfiskerfið, hvernig fyrsta keppnistímabilið gekk, hvað við lærðum af því og hvaða breytingar þarf hugsanlega að gera fyrir næsta keppnistímabil.

8. Yngri landslið 2026 – kostnaður leikmanna/fjölskyldna þeirra.

Farið yfir kostnað yngri landsliða fyrir sumarið og hver kostnaðarhlutdeild leikmanna/fjölskyldna þeirra verður. Miklar umræður um kostnaðinn almennt og hvað hægt er að gera til þess að lækka kostnað.

9. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

10. Næsti stjórnarfundur

Mánudaginn 13. Júlí

11. Önnur mál

Fundi slitið kl.19.40